

**LÖG****um breytingu á sjómannalögum, nr. 35/1985.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 26. gr. laganna verður svohljóðandi:

Verði skiprúmssamningi slitið af þeim ástæðum sem greinir í 1. mgr. á skipverji rétt til launa á meðan hann er atvinnulaus af þessum sökum, þó ekki lengur en í tvo mánuði frá ráðningarslitum ef hann er stýrimaður, vélstjóri eða bryti, en í einn mánuð frá sama tíma ef hann gegnir annarri stöðu á skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sturla Böðvarsson.*

27. mars 2003

Nr. 60

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „Vélknúin farartæki á landi“ í 2. málsl. 17. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: önnur en vélsleða og fjórhjól.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 2003.

*Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Siv Friðleifsdóttir.*